



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

JARÐ3SJ05

(Jarðfræði Íslands)

Kennari:	Hekla Þöll Stefánsdóttir (HPS) hekla@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um almenna jarðsögu og skiptist hann í fjórar lotur:

- Uppruni og myndun jarðar, tímatal, aldur jarðar, aldursákvarðanir, jarðsögutaflan og skiptingu hennar.
- Þróun lífs og þróun mannsins, fyrstu lífverur, breytingar í lífríki, þróun einstakra hópa lífvera, s.s. fiska, lindýra, skriðdýra, fugla og spendýra. Fjöldadauði lífvera og tilgátur um orsakir og afleiðingar. Þróun mannsins frá Australopithecus til Homo Sapiens.
- Landrek og landslag jarðar: Farið yfir helstu tilgátur og kenningar og rökfærslur fyrir þeim. Farið yfir helstu fellingafjallamyndanir, hvernig þær myndast, hvar og hvenær og niðurbrot þeirra. Einnig er fjallað um ferli jarðfleka um yfirborð jarðar, opnanir og lokanir og afstöðu hvers til annars.
- Ísaldir, hugsanlegar orsakir útbreiðsu, einkenni og lok.

Unnin verða ýmis verkefni út frá námsefninu.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu hugtökum er varða myndun og mótun Jarðar.
- Meginatriðum breytinga á yfirborði jarðar sem tengjast landreki.
- Helstu þáttum í samspili loftslags og stöðu jarðfleka.
- Meginatriðum í þróun lífs á Jörðinni.
- Helstu þáttum í þróun mannsins.
- Uppsetningu, vinnu við og formlegs frágangs heimildaritgerðar.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Draga ályktanir af því sem fyrir augu ber.
- Leita sér upplýsinga um jarðsöguleg atriði úr viðurkenndum heimildum.
- Nýta sér myndefni og margskonar heimildir til að draga eigin ályktanir um framvindu lands.
- Greina helstu bergtegundir í handsýni.
- Að draga ályktanir og setja fram eigin niðurstöður á skipulegan hátt.
- Að gæta að rétttri meðferð heimilda.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina bergsýni í handgreiningu.
- Geta sýnt fram á samhengi umhverfis og þróunar lífs.
- Geta greint afstæðan aldur í jarðlagastafla.
- Geta lesið meginatriði jarðsögu úr ásýnd lands.
- Geta rökrætt mögulegar túlkanir á ásýnd lands.
- Geta sett saman formréttá heimildaritgerð um tiltekið efni.

Námsefni:

Námsefni verður að mestu frá kennara, við notumst við vefsíður og annað efni.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	5. jan-28. jan	<p><i>Kennsla hefst fös. 5.jan</i> <i>Námsáætlun áfangans kynnt</i></p> <p>Lota 1. Jarðsaga og jarðsaga Íslands.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Jarðsögurannsóknir • Myndun sólkerfisins og jarðar • Tímatal jarðsögunnar • Jarðsaga Íslands 	<ul style="list-style-type: none"> ❖ Jarðsögurannsóknir ❖ Earth: Making of a planet. Heimildarmynd ❖
5 - 8	29. jan- 25. feb	<p>19. og 20. febrúar er vetrarfrí</p> <p>Lota 2. Þróun lífs og þróun mannsins</p>	Vinum samstarfsverkefni með Sunnulækjarskóla

9 - 12	26.feb – 24.mars	28. og 29. feb-kátir dagar 1. mars er Flóafár 7.mars er áfangamessa 8.mars er miðannarmat Lota 3. Landrek og landslag jarðar	Vinum ýmis verkefni
13 - 16	25. mars-21. apríl	23.mars til 1. apríl er páskafri Lota 4. Ísaldir	Vinum ýmis verkefni
17 - 19	22. apríl- 12.maí	25.apríl er sumardagurinn fyrsti. 1. maí er frídagur verkalýðsins 8.maí er síðasti kennsludagur og dimmiþjón 10-17 maí eru námsmatsdagar	Skrapvika Hugakorti skilað

Sérreglur áfangans:

Skili nemandi ekki verkefni reiknast einkuninn 0 fyrir verkefnið inn í lokaeinkunn

Námsmat:

Áfanginn er lotubundinn símatsáfangi þar sem öll vinna nemanda reiknast til einkunnar samkvæmt nánar tilgreindu vægi (sjá fyrir neðan). Reynt verður að fara jafn harðan yfir þau verkefni þar sem fyrirgjöf er ekki að fullu sjálfvirk þannig að nemendur sjái ávallt hve langt á veg þeir eru komnir á hverjum tíma.

Skipting námsmats má sjá hér fyrir neðan:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hugakort	Nemendur búa til hugakort yfir það sem þeir hafa lært í áfanganum. Leiðbeiningar undir efni á Innu	30%

Stærri verkefni	Nemendur vinna nokkur stærri verkefni yfir önnina	30%
Minni verkefni	Nemendur vinna nokkur minni verkefni yfir önnina	30%
Ástundun	Virkni, áhugi og mæting	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 5. janúar 2024. Hekla Pöll Stefánsdóttir